

Júní - júlí 2021 Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Vika 43				
31 maí	1 Starfsdagur Lokað	2 Lambalæri, bátakartöflur, gufusoðið grænmeti	3 Kjúklingasnitsel, kartöflur, ferskt grænmeti	4 Mexíkósk kjúklingasúpa, snakk, ostur, sýrður rjómi, heimabakað brauð
Vika 44				
7 Hakkabuff, kartöflur, brún sósa, grænmeti, maísbaunir	8 Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, grænmeti	9 Kjöt, kartöflur, karrýsósa, grænmeti	10 <i>Sumarhátíð foreldra- félagsins kl 16:00-17:30</i> Steiktur fiskur, kartöflur, kaldar sósur, grænmeti	11 Skr, heitt brauð, ávextir
Vika 45				
14 Fiskibollur, kartöflur, kaldar sósur, grænmeti	15 Reykjarhólsdagur Grillaðar pylsur	16 Kjötbollur, kartöflur, brún sósa, grænmeti	17 Lýðveldisdagurinn Lokað	18 Grjónagrautur, brauð,
Vika 46				
21 Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, grænmeti	22 Gúllas, kartöflumús	23 Steiktur fiskur, kartöflur, kaldar sósur, grænmeti	24 Kjúklingabitar, bátakartöflur, sósa, salat	25 Skr, heitt brauð, ávextir
Vika 47				
28 Hakk og spaghetí, grænmeti	29 Plokkfiskur, rúgbrauð, grænmeti	30 Grjónagrautur, brauð,	1 júlí Pylsur í brauði	2 júlí Starfs- og frágangsdagur Lokað

Reykjarhólsdagur

Stefnt er að því að ganga á Reykjarhólinn eða í Reykjarhólnum 15. júní, ef veðrið er hagstætt. Tekið verður með nesti og leikið í skóginum eða nágrenni hans. Grillaðar pylsur verða borðaðar við Varmahlíðarskóla áður en haldið verður aftur í leikskólann.

Sumarhátíð

Sumarhátíð foreldrafélagsins verður miðvikudaginn 10. júní kl 16:00-17:30 í garðinum við Birkilund. Öll börn sem verið hafa í leikskólanum í vetur og fjölskyldur þeirra eru velkomin á hátíðina. Boðið verður upp á léttar veitingar og eitthvað fjör fyrir börnin.

Vinnuskólanemendur

Einhverjir vinnuskólanemendur koma til starfa í leikskólanum á næstu dögum. Þeir aðstoða kennara á deildum og sinna ýmsum verkefnum.

Lokunardagar í júní

Þriðjudagur 1. júní - Starfsdagur

Fimmtudagur 17. júní - Þjóðhátíðardagurinn

Sumarlokun

Fimmtudagur 1. júlí er síðasti dagur fyrir sumarlokun. Opnað verður aftur þriðjudag 10. ágúst. Föstudagur 2. júlí og mánudagur 9. ágúst eru hvor um sig hálfur skipulagsdagur og hálfur dagur í frágang/standsetningu (til þess að starfsfólki gefist kostur á að ganga frá á deildum áður en farið er í fríið og koma þeim í stand aftur áður en tekið er á móti börnunum).

Flutningur milli deilda

Ekki hentaði að flytja börn milli deilda í júní, þannig að sá flutningur fer fram allur fram í ágúst. Foreldrar munu sjá um aðlögun af Reynilandi á Kvistaland og fá áætlun um hvernig gert er ráð fyrir að það gangi fyrir sig. Börn sem flytja af Kvistalandi á Könglaland mæta á Könglaland eftir sumarfrí. Foreldrum er boðið að vera með barninu fyrsta klukkutímann á Könglalandi til þess að þeir geti hitt starfsfólk, kynnst starfi deildarinnar og leitað sér upplýsinga um það sem þeim finnst óljóst eða framandi.

Starfsmannahald

Helga Þ. Hjálmarsdóttir eldar fyrir leikskólann í eldhúsi Varmahlíðarskóla eftir að starfsfólkið þar er farið í frí.

Vinsamlegast látið vita hver sækir barnið

Mikilvægt er fyrir kennara að þeir séu látnir vita ef einhver annar en foreldri sækir barnið, ekki síst ef það er einhver sem þeir þekkja ekki. Þetta er öryggisatriði fyrir börn og starfsfólk.

Fræðsludagur

Þriðjudaginn 17. ágúst verður leikskólinn lokaður vegna fræðsludags leik-, grunn- og tónlistarskóla Skagafjarðar sem skipulagður er af fræðsluskrifstofu.